

90
24. ágúst Auk þess er nefndinni heimilt að láta vinna verk það, er vanrækt hefir verið, á kostnað þess, er verkið átti að vinna, og skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr hreppssjóði, en síðan taka hann lögtaki hjá þeim, er sekur er. Á sama hátt er heilbrigðisnefnd heimilt að láta rífa niður á kostnað hins seka verk það, sem unnið hefir verið í forboði hennar, og innheimta þann kostnað með lögtaki.

XIII. Um gildistöku.

36. gr.

Heilbrigðissamþykkt þessi öðlast gildi þegar í stað.

Þetta tilkynnist öllum þeim, sem hlut eiga að máli, til eftirbreytni.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 24. ágúst 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Ragnar Bjarkan.

91
24. ágúst

AUGLÝSING

um staðfesting heilbrigðismálaráðuneytisins á heilbrigðissamþykkt fyrir Blönduóshrepp.

Samkvæmt lögum nr. 64 frá 10. nóvember 1905, um heilbrigðissamþykktir fyrir bæjar- og sveitarfélög, er hér með staðfest eftirfarandi heilbrigðissamþykkt fyrir Blönduóshrepp, sem sýslunefnd Húnavatnssýslu hefir samþykkt eftir tillögum hreppnefndar.

HEILBRIGÐISSAMÞYKKT

fyrir Blönduóshrepp.

I. Almenn ákvæði.

1. gr.

Sýslumaðurinn í Austur-Húnavatnssýslu er sjálfkjörinn í heilbrigðisnefnd fyrir Blönduóshrepp, en auk þess kys hreppsnefnd Blönduóshrepps 1 mann í nefndina, til eins árs í senn, og sýslunefnd annan mann af íbúum kaupþúsins, til jafnlangs tíma. Sýslumaðurinn er formaður nefndarinnar og sér um, að fyrir-mælum hennar sé hlýtt. Héraðslæknirinn er jafnframt heilbrigðisfulltrúi og annast daglega umsjón og framkvæmdir samþykktar þessarar, og eru menn

skyldugir til að hlýða úrskurði hans um ákvæði hennar, en þó geta þeir skotið **91**
 honum undir dóm nefndarinnar. Heilbrigðisnefnd getur skipað sérstakan heil- 24. ágúst
 brigðisfulltrúa í stað héraðslæknis, ef hann skorast undan að hafa hina dag-
 legu umsjón á hendi, þá er hér er gert ráð fyrir.

2. gr.

Heilbrigðisnefnd er heimilt, hvenær sem er, að rannsaka eða láta rannsaka allt það, er samþykktin ræðir um og þýðingu hefir fyrir heilsu manna og almennan þrifnað, hvort heldur er á almannaferi eða eign einstakra manna eða félaga. Hún skal á hverju vori framkvæma skoðun á öllum lóðum og mannvirkjum í kaптúninu, færa inn í gerðabók sína það, er hún telur aðfinnsluvert, tilkynna það hlutaðeigendum og sjá um, að úr því sé bætt.

3. gr.

Ef heilbrigðisnefnd telur nauðsynlega einhverja heilbrigðisráðstöfun eða þrifnaðarbót, sem hefir í för með sér útgjöld, og er þess eðlis, að ekki er hægt að heimta af neinum sérstökum lóðar- eða húsráðanda að kosta hana eða framkvæma, þá skal nefndin leggja það mál fyrir hreppsnefnd og fara fram á, að kostnaðurinn verði greiddur úr sveitarsjóði. Vilji hreppsnefnd ekki veita féð, má skjóta því máli til sýslunefndar til úrskurðar.

II. Um hreinlæti og þrifnað.

4. gr.

Enginn má fleygja sorpi, rusli né nokkurs konar óþverra eða skarni á götur kaптúnsins né annarstaðar á almannaferi. Eigi má heldur geyma á opnum svæðum við götur tunnur, kassa, mó, tað né annað þvilíkt, nema með leyfi heilbrigðisnefndar. Bannað er að láta liggja meðfram götum nokkurt það skran, sem að dómi nefndarinnar er til óþrifnaðar eða lýta, svo og að breiða á girðingar eða hús fram með götum skinn, fisk, druslur eða annað þess háttar.

5. gr.

Skyldir eru menn að halda hreinum portum eða öðrum óbyggðum lóðum kringum hús sín. Skulu þeir hreinsa burt af lóðum sínum öll brot eða leifar af girðingum, heykumblum, húsum eða öðru þess háttar, ef það veldur óþrifnaði að dómi heilbrigðisnefndar.

6. gr.

Enginn má fleygja rusli eða öðrum óþverra inn á annars manns lóð né hella skolpi þar, sem það rennur inn á lóð annara eða út á almannaferi. Eigi má heldur bera út sorp eða önnur óhreinindi þangað, sem ódaun leggur af því að húsum annara. Undanþeginn þessu banni er þó venjulegur húsdýra-áburður á þeim tíma árs, þegar borið er á tún eða í garða. Heilbrigðisnefnd

91 úrskurðar um ágreining milli nágretta út af þessum ákvæðum. Þeir, sem flytja eftir götum kaupsins áburð, for, saur, sorp, slor eða annað þvilíkt, skulu gæta þess, að hella því ekki á göturnar, og getur heilbrigðisnefnd fyrirskipað sérstaka gerð á vögnum þeim, sem til slíks flutnings eru ætlaðir.

7. gr.

Á vori hverju í maímánuði eða í fyrri hluta júnímánaðar, áður en skoðun sú fer fram, er um getur í 2. gr., skal heilbrigðisnefnd fyrirskipa almenna hreinsunarkviku, og skulu þá allir lóðareigendur og húsráðendur skyldir til að framkvæma allsherjarhreinsun á lóðum sínum og hreppsnefnd að sjá um hreinsun á götum og öðrum þeim svæðum innan kaupsins, sem einstaklingum ber ekki yfirráð yfir. Heilbrigðisnefnd getur í sambandi við hreinsun þessa fyrirskipað framkvæmdir til útrýmingar flugum, rottum og öðrum skaða- og óþrifadýrum.

III. Um fráæslu, vatnsból og mógrafir.

8. gr.

Skolp og önnur óhreinindi má ekki láta síga í jörð svo nærri íbúðarhúsum, að jarðvegurinn undir þeim saurgist, heldur skal veita því eftir ræsum til sjávar eða í ána. Húseigendur og umráðamenn lóða eru skyldir til að sjá um, að ekki séu stífluð ræsi þau, er frá húsum þeirra liggja, og að frárennsli sé svo gott af lóðum þeirra, að ekki standi þar vilpur eða forarpollar. Sama skylda hvílir á hreppsnefnd, að því er snertir götur og lóðir í eign eða umsjón hreppsins.

9. gr.

Ef vatnsleiðsla eða skolpleiðsla er lögð í kaupsínið á opinberan kostnað, skulu þeir, sem hús eiga meðfram þeim, skyldugir til að leggja æðar að eða frá húsum sínum í sambandi við hina opinberu vatns- eða skolpleiðslu.

10. gr.

Gengið skal á allan þann hátt frá öllum þeim vatnsbólum, sem neyzluvatn er tekið úr, að ekki geti runnið í þau yfirborðsvatn, enda skal allur útbúnaður vatnsbóla vera háður fyrirmælum heilbrigðisnefndar. Skytt er að gæta hins ýtrasta þrifnaðar með og við öll slík vatnsból, og getur heilbrigðisnefnd bannað allar þær aðgerðir í námunda við þau, sem að hennar dómi geta orðið til þess, að óhreinindi berist í þau. Nefndin getur og bannað að taka vatn úr vatnsbóli um stundarsakir, ef hún telur hættu á því, að vatnið geti verið óheilnæmt, eða látið leggja vatnsból niður með öllu, ef mikil brögð eru að.

11. gr.

Heilbrigðisnefnd getur heimtað, að allir þeir, sem taka upp mó innan hreppsins, veiti öllu vatni úr mógröfunum eða moki ofan í þær að öðrum kosti, svo að vatn standi ekki í þeim.

IV. Um peningshús, hauga og forir.

12. gr.

Heilbrigðisnefnd getur bannað að hafa kvikfénað í íbúðarhúsum manna eða í byggingum, sem eru áfastar þeim.

13. gr.

Peningshús, forir, haugstæði eða áburðarhús má reisa á þeim stöðum einum, er heilbrigðisnefnd gefur leyfi til, og má enginn byrja á framkvæmd slíks verks né láta fara fram höfuðviðgerð á eldra mannvirki slíkrar tegundar, nema að fengnu samþykki heilbrigðisnefndar, og skulu umsóknir um það sendar henni skriflega. Heilbrigðisnefnd úrskurðar um, hvað kallast skuli höfuðviðgerð í þessu sambandi. Umsækjanda skal skylt að hlýða fyrirmælum nefndarinnar um gerð slíkra mannvirkja, afstöðu þeirra til gatna og annara húsa og útbúnað þeirra og frágang að öðru leyti.

14. gr.

Ef peningshús, haugstæði, forir eða áburðarhús, sem eldri eru en samþykkt þessi, valda miklum óþrifnaði, getur heilbrigðisnefnd krafizt þess, að þau verði lögð niður. Sama máli gegnir með opnar heytóftir, enda má ekki hafa opin heystæði annarstaðar en þar, sem heilbrigðisnefnd gefur leyfi til.

V. Um salerni og sorpskrínur.

15. gr.

Hverju íbúðarhúsi og hverri vinnustöð skal fylgja salerni, að jafnaði eitt fyrir hverja íbúð. Þau skulu, nema um vatnssalerni sé að ræða, vera á afskekktum stöðum, sem heilbrigðisnefnd ákveður. Salerni skulu vera þannig gerð, að sem auðveldast sé að hreinsa þau og ekki stafi af þeim óþrifnaður, enda getur heilbrigðisnefndin sett nánari reglur um gerð þeirra og frágang. Salernum skal jafnan halda vel hreinum, og saurilátin skulu tæmd jafnóðum, áður en þau fyllast.

16. gr.

Veitingamenn, kaupmenn og vinnuveitendur skulu skyldir að reisa salerni, svo mörg sem heilbrigðisnefnd telur þurfa, til afnota fyrir viðskiptamenn sína og verkamenn og sjá um hæfilegan þrifnað á þeim. Skylt er bæði íbúum kaupfélagsins og aðkomumönnum að nota salerni til þarfinda sinna, og varðar sektum samkvæmt samþykkt þessari, ef út af er brugðið.

17. gr.

Ef salerni, sem eldra er en samþykkt þessi, er svo illa gert, að óþrifnaður stafar af, getur heilbrigðisnefnd krafizt þess af húseiganda, að hann geri nýtt

91 salerni, sem gengið sé frá á viðunandi hátt. Ef salerni, sem eldra er en sam-
24. ágúst þykkt þessi, er þannig sett, að það er til óþrífnaðar eða mikilla lýta að dómi nefndarinnar, getur hún krafizt þess, að það sé flutt.

18. gr.

Heilbrigðisnefnd getur skipað svo fyrir, að hverju húsi skuli fylgja sérstök sorpskrína undir sorp, rusl og ösku, er til fellur frá húsinu. Setur þá nefndin reglur um gerð skrinunnar.

19. gr.

Heilbrigðisnefnd segir fyrir um, hvert flytja skuli innihald saurkagga og sorpskrína, en þau skulu tæmd svo oft, að ekki hljótist óþrif af. Hreppsnefnd hefir heimild til að ráða sérstakan mann til að annast sorphreinsun og salerna-hreinsun, og má þá jafna kostnaðinum niður á húsráðendur í hlutfalli við mann-fjölda.

VI. Um iðjuból og vinnustaði.

20. gr.

Í kaupúninu má enginn þann iðnað reka, sem óhollusta eða óþrífnaður stafar af, nema með leyfi heilbrigðisnefndar og á þeim stöðum einum innan kaupúnsins, er nefndin samþykkir, enda skal allur slíkur iðnaður vera háður eftirliti nefndarinnar og fyrirmælum hennar um hreinlæti og heilsuvernd, utan húss og innan. Undir óhollustu í þessu sambandi skal telja mikinn hávaða.

21. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa sérstakt eftirlit með slátrun búpenings og lita eftir því, að alls þrífnaðar sé gætt á slátursvæðinu og í kringum það, enda skulu allir, sem við slátrun fást eða vinna, skyldir til að hlýða fyrirmælum hennar í þessu efni, hvaðan sem þeir eru.

22. gr.

Gæta skal þess sérstaklega í slátruhúsum, að hundar geti ekki náð til sollinna líffæra, og skal öllum sulum safnað saman og þeim komið fyrir eftir ákvörðunum heilbrigðisnefndar. Að lokinni sláturtíð skal hreinsa allt slátursvæðið, en meðan á slátrun stendur, skal daglega hreinsa slátruhús og sláturskygni, eftir því sem föng eru á og heilbrigðisnefnd kann að heimta.

23. gr.

Aðgerð á fiski og hverskonar sjávarafli skal fara fram á þeim einum stöðum, er heilbrigðisnefnd ákveður, og er skylt að flytja þegar að aflokinni aðgerð allt slor og fiskúrgang þangað, sem það er ekki til óþrífnaðar, að dómi heilbrigðisnefndar.

24. gr.

91

Hreinsa skal öll aðgerðarhús að aflokinni aðgerð og gæta þar að öðru leyti hreinlætis, eftir því sem tók eru á og heilbrigðisnefnd ákveður.

VII. Um matvæli og matvælasölu.

25. gr.

Öll matvælasala er háð eftirliti heilbrigðisnefndar og fyrirmælum hennar. Leiki grunur á, að matvara, innlend eða útlend, sem á boðstólum er höfð, sé á einn eða annan hátt heilsuspillandi eða svikin, getur nefndin látið taka af henni sýnishorn til rannsóknar og bannað sölu hennar, nema grunur sá reynist ekki á rökum byggður.

26. gr.

Ekki má selja kjöt af sjálfdauðum eða sjúkum skepnum, nema héraðslæknir dæmi það ósaknæmt. Er þeim, sem slátrar sjúkum skepnum, skylt að tilkynna það héraðslækni, ef nota á kjötið eða innyflin til manneldis

27. gr.

Heilbrigðisnefnd getur bannað sölu á þeim matvælum, sem eru óþrifaleg, skemmd, svikin eða ástæða er til að ætla, að sýkingarhætta stafi af. Hún getur bannað sölu mjólkur og annara matvæla á þeim stöðum og frá þeim stöðum, þar sem ekki er haft nægilegt hreinlæti við framleiðslu eða meðferð matvællanna, eða þar sem sýkingarhætta stafar frá mönnum eða skepnum. Slikt bann má auglýsa opinberlega. Nefndin getur fyrirskipað berklarannsókn á öllum kúm innan kaupsins, eða á þeim heimilum innan þess eða utan, sem selja mjólk í kaupsínið.

28. gr.

Heilbrigðisnefnd má láta ónýta á kostnað eiganda þá matvöru, sem er óhæf til manneldis eða sýkingarhætta stafar af.

VIII. Um íbúðarhús og lóðir.

29. gr.

Íbúðarhús skulu að jafnaði vera byggð meðfram götum í skipulegum röðum, og lóðirnar umhverfis þau vera girtar og ræktaðar. Bæði hús og girðingar skulu vera í því ástandi, að almennum kröfum um þrifnað, hreinlæti og smekk sé fullnægt, að dómi heilbrigðisnefndar. Nefndin má gera strangari kröfur um þetta á einstökum stöðum innan kaupsins en öðrum.

30. gr.

Ekki má byggja neitt íbúðarhús né láta fram fara höfuðviðgerð á gömlu húsi nema í samráði við og með samþykki heilbrigðisnefndar, sem sér um

91 að almennum heilbrigðiskröfum um og við útbúnað íbúða sé fullnægt. Niðurröðun bygginga og húsaskipun í kauptúninu skal vera háð eftirliti og fyrirmælum heilbrigðisnefndar, meðan ekki er til sérstök byggingarnefnd eða byggingarsamþykkt fyrir kauptúnið.

31. gr.

Ef íbúðarhús er svo illa gert, hrörlegt eða þröngt, að heilsuspillandi sé fyrir íbúana, að dómi heilbrigðisnefndar, eða einstök herbergi þess svo óþrifa-leg eða illa úr garði gerð, þá getur nefndin krafizt þess af húseiganda, að úr því sé bætt tafarlaust, eða bannað að öðrum kosti íbúð í húsinu eða einstökum herbergjum þess. Ekki má innrétta kjallaraherbergi til íbúðar nema með sérstöku leyfi nefndarinnar.

IX. Um skóla og samkomustaði.

32. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa eftirlit með því, að alls þrífnaðar sé gætt í skólum og öllum samkomuhúsum, veitingahúsum og á öðrum stöðum, sem ætlaðir eru til afnota almennings. Ef mikið vantar á, að slík hús uppfylli þær kröfur, sem gerðar eru um þrífnað og hollustuhætti, og ekki er úr bætt, þrátt fyrir áminningar heilbrigðisnefndar, getur hún bannað afnot slíkra húsa, þangað til bót hefir verið ráðin á því, sem aflaga fer. Ef skólabarn hefir lús eða önnur óþrif, sem smitandi eru, getur nefndin krafizt þess af framfæranda barnsins, að það sé aflúsað eða því leitað lækninga.

X. Um næma sjúkdóma.

33. gr.

Nú kemur upp hættuleg sótt í kauptúninu eða nærlendis, og getur þá heilbrigðisnefnd sett um stundarsakir strangari ákvæði um hreinlæti, utan húss og innan, og um meðferð og sölu matvæla, er felst í framanrituðum greinum, og varða brot á þeim bráðabirgðafyrirmælum sömu viðurlögum sem brot á heilbrigðissamþykkt þessari.

XI. Um refsíákvæði og fleira.

34. gr.

Heilbrigðisnefnd skal fá allan útlagðan kostnað greiddan úr hreppssjóði eftir gefnum reikningum. Rísi ágreiningur milli heilbrigðisnefndar og hreppsnefndar út af reikningum þessum, skal sýslunefnd skera úr málinu, en skyld skal hreppsnefnd að leggja féð fram í bili.

35. gr.

Ef menn brjóta samþykkt þessa eða vanrækja að framkvæma á settum fresti nokkra þá fyrirskipun, er heilbrigðisnefnd gefur samkvæmt henni, þá varðar það allt að 200 króna sektum, er renna í hreppssjóð.

Auk þess er nefndinni heimilt að láta vinna verk það, er vanrækt hefir verið, á kostnað þess, er verkið átti að vinna, og skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr hreppssjóði, en síðan taka hann lögtaki hjá þeim, er sekur er. Á sama hátt er heilbrigðisnefnd heimilt að láta rífa niður á kostnað hins seka verk það, sem unnið hefir verið í forboði hennar, og innheimta þann kostnað með lögtaki.

XII. Um gildistöku.

36. gr.

Heilbrigðissamþykkt þessi öðlast gildi þegar í stað og fellur þar með úr gildi heilbrigðissamþykkt fyrir Blönduóskaupþún frá 18. júní 1910.

Þetta tilkynnist öllum þeim, sem hlut eiga að máli, til eftirbreytni.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 24. ágúst 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

REGLUGERÐ

um eyðingu refa í Vestur-Ísafjarðarsýslu o. fl.

92

27. ágúst

1. gr.

Hreppsnefndir annast eyðingu refa.

2. gr.

Refum skal eyða með skotum eða á annan þann hátt, er veldur ekki dýrunum langvinnar kvalir. Óheimilt er því að viðhafa eitrun eða nota dýraboga.

3. gr.

Áður en þrjár vikur eru af sumri, skal hreppsnefnd hafa skipað fyrir um grenjaleitir, er fari fram, áður en sjö vikur eru af sumri. Búandi hver skal kosta leitina í landi ábúðarjarðar sinnar. Grenjaleitir í löndum eyðijarða kosta sveltarsjóður.

Nú eiga tveir eða fleiri hreppar leitarsvæði saman; annast þeir þá og kosta grenjaleitir í sameiningu.

Nú fær hreppsnefnd vitneskju eða sterkan grun um það, að refir hafist við í landi einhverrar jarðar. Skal hún þá skora á ábúanda jarðarinnar að fá vel hæfan mann, til þess að leita í nefndu landi. Sinni hann eigi þeirri áskorun, getur hreppsnefnd látið framkvæma leitina á hans kostnað.